

Nd.

510. Breytingartillögur

við tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um skatt af heiðursmerkjum.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að fá því framgengt við konung, að hann breyti á þá leið reglugerð 3. júlí 1921, um hina íslensku fálkaorðu, að henni verði eigi aðrir sæmdir en útlendingar.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsál. um breyting á reglugerð 3. júlí 1921, um hina íslensku fálkaorðu.